

Fréttabréf



13. ÁRGANGUR // 1. TÖLUBLAÐ // JANÚAR 2015



**Veruleg kjararárnun í hruninu
Tilraunarinnar virði
Tillögur uppstillingarnefndar**



Afslættir til félagsmanna

Á heimasíðu FIT er hnappur sem vísar á afsláttarkjör sem félagsmönnum FIT bjóðast. Nú eru skráð þar fjöldi fyrirtækja sem veita félagsmönnum afslátt gegn framvísun á félagsskírteini í FIT. Flestir afslættirnir eru á bilinu 5% til 15%. Við vekjum sérstaka athygli á að inni á orlofshúsavefnum undir upplýsingar er hægt að sækja um sérafslátt á eldsneyti hjá Olís. Félagsmenn FIT eru hvattir til að beina viðskiptum sínum til fyrirtækja sem bjóða afsláttarkjör.

Leigureglur fyrir húsið á Florída

Munið að til að fá lykla afhenta að húsinu í Orlando gildir sú regla að **leigjandi verður að framvísa flugmiða til USA** sem sýnir veru hans þar á sama tíma og hann er að leigja húsið. Þessi framgangsmáti er til að tryggja að leigjandinn í hverju tilfelli, sé sjálfur að fara í húsið.

Önnur regla: Þeir sem aldrei hafa farið í húsið í Orlando er veittur forgangur í eina viku fram yfir þá sem áður hafa farið. Minnum á að opnað er fyrir leigu á húsinu á orlofsvefnum fyrir allt árið 2016 mánudaginn 2. mars kl.13:00. Fyrstur pantar, fyrstur fær. **LOKAÐ verður til 9. mars kl.13:00 á bókanir þeirra sem áður hafa leigt húsið í Orlando.**

Bridge

Bridgespilarar slá ekki slöku við og ætla að spila til vors salnum á 6. hæð í Borgartúni 30. Spilað er annan hvern fimmtudag kl 19:30. Mótaröð fram á vorið 2015 er eftirfarandi:

Bykobikarinn: 8. og 23. Janúar

Byggiðnarbikarinn: 5. og 19. febrúar

Aðalsveitakeppni Húsasmiðjunnar: 5. og 19. mars

Einmenningur og uppgjör vetrarins: 10. apríl.



Fréttabréf FIT

1. tbl. 13. árg. janúar. 2015

Félag iðn- og tæknigreina


Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is

Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson

Umbrot og prentun: prentun.is



Nýr orlofshúsabæklingur



Orlofshúsabæklingur FIT fyrir árið 2015 er kominn út og fylgir fréttabréfinu. Að þessu sinni er boðið uppá 30 orlofsíbúðir auk íbúðar í Reykjavík sem er í dagsleigu og hús á Florida sem er í dagsleigu. Ekki verður boðið uppá ferðavagna (tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíl)

en þess í stað verður boðið uppá að kaupa ferðavagnaafslátt á orlofsvefnum þannig að gegn 5.000 kr. gjaldi fæst 25.000 kr. afsláttur að uppfylltum vissum skilyrðum. (sjá Ferðavagnar bls. 5) Þá verða í boði afslættir á ferðum með ferðaskrifstofum, afsláttarmiðar vegna hóteltistinga, veiðikortid og fleira. Opið verður fyrir sumarumsóknir á heimasíðu FIT frá 13. febrúar til og með 13. mars og tilkynnt um úthlutun 17. mars. Félagsmenn FIT eru eindregið hvattir til að nýta sér einhvern af þeim möguleikum sem þarna eru í boði.

Út í bláinn

Út í bláinn er ferðahópur FIT og Byggiðnar og eru félagsmenn og fjölskyldur þeirra hvattir til að nýta sér ferðirnar sem eru þátttakendum að kostnaðarlausu - einungis þarf að koma með góða skapið og ævintýraþrána. Miðað er við að ferðir verði ávallt síðasta sunnudag mánaðarins fram í maí. Mæting er við Borgartún 30 kl.13. Oftast er farið í léttar gönguferðir þar sem fræðst er um það sem fyrir augu ber og slegið á léttu strengi. Frekari upplýsingar fást á þjónustuskrifstofunni í síma 5356000.



Iðnaðarmenn urðu fyrir veru- legri kjararýrnun í hruninu



Meiri þátttaka var nú en nokkru sinni fyrr í skoð-
anakönnun um afstöðu félagsmanna Félags iðn- og
tæknigreina til áherslumála í komandi kjarasam-
ningum. Réttu þarf hlut iðnaðarmanna í þeim kja-
rasamningum sem eru framundan. Flestir leggja mesta
áherslu á kaupmáttaraukningu og stöðugleika, allir
vilja stöðugleika en hann fæst ekki nema að allir
landsmenn taki þátt. Mikil áhersla er lögð á að færa
taxta að greiddum launum, en stór hópur leggur líka
þunga áherslu á prósentuhækkun launa. Að lokum
eru þeir sem vilja krónutöluhækkun og benda á að
stundum hafa verið tvær krónutölur þ.e. ein hjá
verkfólki og önnur hjá iðnaðarmönnum svo þeir
hækki hlutfallslega í taxaumhverfinu.

BARÁTTUVILJI FÉLAGSMANNA 70% TILBÚNIR Í ÁTÖK

Yfir 70% félagsmanna segjast tilbúnir í átök ef sam-
ningar takast ekki. Sá baráttuvilji sem þarna kemur
fram er gott veganesti fyrir samningamenn okkar.
Þetta eru skýr skilaboð um að sækja eigi sambæri-
legar hækkanir og ríki og sveitarfélög hafa samið um
á síðustu vikum og mánuðum. Þar hafa stjórnvöld
gefið tóninn og sent skilaboð sem hljóta að hafa tals-
verð áhrif á gang viðræðna á almennum vinnumark-
aði.

Enn er verið að safna upplýsingum frá aðildarfé-
lögum Samiðnar til að nota við frágang kröfugerðar
okkar. Þeirri vinnu mun ljúka á næstu dögum og
stefnt er að því að kröfugerðin verði endanlega
afgreidd af miðstjórn og samninganefnd Samiðnar
um miðjan febrúar. Væntanlega kemst skriður á
kjaraviðræðurnar næstu vikur þar á eftir.

BANKARNIR TAKA ÁBATANN AF STÝRIVAXTA- LÆKKUN

Um mitt síðasta ár var vaxtamunur stærstu banka
Norðurlandanna 1-1,5% en í íslenskum bönkum var
vaxtamunur þá 2,6-3,6%. Með þetta í huga hefur
verið ótrúlegt að fylgjast með framgöngu bankanna

eftir að Seðlabanki Íslands lækkaði loksins stýrivexti
sína í lok síðasta árs. Þvert á allar efnahagslegar
röksemdir hafa bankarnir tekið til sín allan ábata
vegna þessarar vaxtalækkunar. Viðskiptavinir
bankanna njóta ekki góðs af því að fjármögnunar-
kostnaður bankanna hafi lækkað úr 6% í 5,25%.
Þvert á móti greiða heimilin meira fyrir lánsfé og fá
minni ávöxtun á sparifé nú en áður. Græðgi þeirra
virðast engin takmörk sett því auk þessa hafa þeir
líka hækkað þjónustugjöld sín þó verðbólga hafi
ekki mælst lægri síðan fyrir hrun. Segja má þó að
bankarnir hafi bitið höfuðið af skömminni gagnvart
almenningi þegar þeir hækkuðu breytilega vexti
verðtrygðra húsnæðislána um áramótin.

EIGENDUR OG STJÓRNENDUR HÆKKA SÍN LAUN EN VILJA AÐ AÐRIR AXLI ÁBYRGÐ

Nú eins og oft áður hefur það gerst í aðdraganda
kjarasamninga að talsmenn atvinnurekenda stíga
fram og vara launafólk við að gera sér vonir um kjara-
bætur. Slíkar kröfur ógni stöðugleika og geti kveikt
mikið verðbólguþál. Atvinnurekendur bera jafnan
fyrir sig að ekki megi gera miklar kröfur vegna þess
að framleiðni og framlegð í rekstri fyrirtækja sé lakari
hér á landi en í nágrannalöndunum. Þessi málflut-
ingur kemur íslenskum iðnaðarmönnum undarlega
fyrir sjónir því kannanir sýna að gríðarleg eignatil-
færsla hefur verið frá þeim sem minna eiga til hinna
ríkari. Rétt er að benda atvinnurekendum á að starfs-
kraftar íslenskra iðnaðarmanna eru mjög eftirsóttir á
alþjóðlegum vettvangi. Ef raunin er sú að framleiðni
og framlegð sé lakari í íslenskum fyrirtækjum en í
nágrannalöndunum er rétt að vísa ábyrgð á því á
hendur þeirra sem stjórna fyrirtækjunum. Um leið er
rétt að stjórnendur og eigendur fyrirtækja útskýri
hvernig það gat gerst að stjórnendur fyrirtækja
sem hafa óviðunandi framleiðni, lélega framlegð
og litla samkeppnishæfni hafa tekið til sín stærri
skerf af aukinni verðmætasköpun en nokkrir aðrir á
almennum vinnumarkaði.



FIT byggir ný orlofshús

Nú eru í byggingu hjá FIT fjögur ný hús við Grjóthólsbraut í Öndverðarnesi. Tvö af þeim verða tekin í notkun um mánaðarmótin júní - júlí í sumar, en tvö þau síðari á næsta ári. Öll húsin eru eins og verða búin sömu tækjum og búnaði. Hvert hús er tæplega 116 fm og skiptist í 3 svefnherbergi með svefnaðstöðu fyrir 8 manns og er hjónarúm í öllum herbergjum, auk þess sem eitt er líka með kojum. Í opnu rými er eldhús og stofa. Snýrtiaðstaða er á tveimur stöðum, því auk hefðbundinnar aðstöðu inni í húsinu er önnur aðgengileg frá pallinum. Allur nýjasti búnaður er í húsunum og er gas-

grill og heitur pottur úti á upphituðum stórum steypum útipalli.


Akstursleiðbeiningar. Við bílastæðin við enda veitingaskálans í Öndverðarnesi liggur vegur yfir á hæðina sem er á vinstri hönd. Þegar komið er yfir á hæðina er beygt inn á Grjóthólsbrautina og eru húsin nr. 1 og 3 þá á vinstri hönd. Gott útsýni er frá húsunum yfir orlofsbyggðina og golfvöllinn. Í Öndverðarnesi er sundlaug og við hana leiksvæði fyrir börn. Þar eru einnig nokkur tjaldstæði sem eru gjaldfrjáls fyrir félagsmenn FIT en hafa þarf samband við umsjónarmann áður en tjaldað er.




Niðurstöður í kjara-könnun FIT

Undanfarna daga hefur FIT kannað laun og fleira hjá félagsmönnum. Verið er að vinna úr niðurstöðunni og verður könnuninni gerð ítarlegri skil í næsta blaði. Þær niðurstöður sem liggja fyrir nú þegar eru hér í skífuriti.


Á hvað viltu leggja mesta áherslu í komandi kjaraviðræðum?




Á hvaða bili voru heildartekjur þínar fyrir síðasta mánuð fyrir skatta?
Svör frá félagsmönnum á höfuðborgarsvæðinu




Á hvaða bili voru heildartekjur þínar fyrir síðasta mánuð fyrir skatta?
Svör frá félagsmönnum á landsbyggðinni




Fékstu höfuðstólsleiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana?



Hver er dagvinnutaxti þinn?
Meðaltal dagvinnutaxta



Ef samningar takast ekki, ert þú tilbúinn til þess að fara í verkfall?



Um kosningar í embætti hjá FIT

Í 17. GR. LAGA FÉLAGSINS SEGIR:

Fyrir aðalfund ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu í embætti skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, ritari, fimm meðstjórnendur og tveir varamenn en hitt árið varaformaður, gjaldkeri, fjórir meðstjórnendur og þrír varamenn. Jafnframt skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga, uppstillingarnefnd og helming trúnaðarráðs árlega.

Fyrir 15. janúar ár hvert skal stjórn félagsins gera tillögu um uppstillingarnefnd sem starfar milli aðalfunda.

Uppstillingarnefnd skal skila listum að framboðum fyrir 15. janúar ár hvert.

Fyrir 1. febrúar skal kynna tillögur og kosningafyrirkomulag í fréttabréfi.

Félagsmenn geta boðið sig fram til einstakra embætta hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Ef fleiri en ein tillaga kemur fram skal viðhöfð póstatkvæðagreiðsla eða rafræn kosning.

UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ OG SAMN-

INGANEFND SEGIR Í 20. GREIN FÉLAGSLAGANNA:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð gegnir hlutverki samninganefndar við gerð kjarasamninga.

Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 37 félagsmenn og 37 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn. Skulu þeir númeraðir frá 1 - 74 og kjörnir þeir sem hafa oddatölu annað árið og jafna tölu hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfsgreinar og svæði félagsins. Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir aðrir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

21. GREIN LAGANNA FJALLAR UM KJÖRSTJÓRN OG ER EFTIRFARANDI:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins.

Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir á sama hátt og stjórn. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Við aðrar allsherjaratkvæðagreiðslur skipar miðstjórn ASÍ þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Í sólina með Úrvali-Útsýn, Plúsferðum eða Sumarferðum.

Í samvinnu við ferðaskrifstofuna Sumarferðir, Úrval-Útsýn og Plúsferðir, býður FIT félagsmönnum uppá 30 tilboðsferðir til einhvers af áfangastöðum ferðaskrifstofanna, frá maí og út september sumarið 2015. Greiða þarf 5.000 krónur fyrir 35.000 króna afslátt þannig að raunafsláttur er 30.000 krónur. Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að félagsmenn fara inn á orlofsvefinn og velja tilboðsferðir og kaupa afsláttinn. Með afsláttarkóða sem fæst við kaupin, bókar félagsmaðurinn hjá einhverri af ferðaskrifstofunum og skráir afsláttarkóðann í bókunina. Þá á afslátturinn að koma fram strax.

Umsóknir verða opnaðar 2. febrúar á orlofsvef FIT, fyrstur kemur, fyrstur fær. Teknir eru 26 orlofsþingtar af orlofsreikningi kaupanda.



**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFUNNI
Í SÍMA 535 6000**

Allar umsóknir á orlofsvefnum

Ekki verður sent út umsóknareyðublað fyrir sumarúthlutun, heldur er eingöngu sótt um á netinu. Þetta gildir fyrir alla orlofskosti sem sækja þarf um. Opnað verður fyrir umsóknir föstudaginn 13. febrúar og lokað föstudaginn 13. mars. Ef umsóknin vefst eitthvað fyrir mönnum má senda tölvupóst á orlof@fit.is þar sem óskir umsækjenda eru tíundaðar. Þeir sem ekki hafa tök á að sækja um rafrænt geta í þess stað komið á einhverja af skrifstofum FIT eða sent **skriflegar óskir** til Félags iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30 105 Reykjavík. Slíkar umsóknir þurfa að hafa borist til FIT fyrir 13. mars. **Ekki verður tekið við umsóknum í síma.** Allir eiga svo að fá svar fyrir 18. mars og þeir sem fá úthlutun þurfa að hafa greitt 1. apríl. Þann 2. apríl kl 13:00 verður það sem er ógreitt og ekki leigist sett á orlofsvefinn og þá gildir fyrstur kemur, fyrstur fær. Þegar sótt er um rafrænt þarf að setja inn kennitölu og lykilorð, sem er á félagsskírteininu og velja viðeigandi mánuð og tímabil í því húsi sem leigja á. Félagsmenn eru hvattir til að sækja um sem flesta orlofskosti til að auka möguleika sína.


Sumarleiga orlofshúsa innanlands hefst föstudaginn 5. júní. Leigutímabil er frá kl. 16:00 á föstudegi til 12:00 næsta föstudag. Verð á vikuleigu verður kr. 21.000.

Ferðavagnar

Ekki verður boðið uppá leigu á ferðavögnum hjá FIT. Þess í stað stendur félagsmönnum til boða að kaupa sér afslátt vegna ferðavagnaleigu á orlofsvef FIT. Í boði verða 30 niðurgreiðslur og kostar 5.000 krónur (óafturkræfar) að fá 25.000 króna afslátt á leigu. Hver kaupandi getur einungis keypt einn afslátt. Þegar búið er að kaupa afsláttinn á orlofsvefnum og prenta út skjal er hægt að fylla það út og skanna skjalið ásamt leigusamningi og senda á fit@fit.is og verða þá greiddar 25.000 krónur inn á reikning félagsmanns. Einnig er hægt að koma með pappírana á skrifstofu FIT.

Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði:

- Leigusamningur þarf að vera á nafni félagsmanns.
 - Leigusali þarf að vera skráð og starfandi ferðavagnaleiga.
 - Leigutími á leigusamningi þarf að vera að lágmarki 6 dagar.
- Athugið að ekki verður hægt að kaupa afsláttinn ef



félagsmaður hefur leigt orlofshús líka og öfugt. Teknir eru 20 orlofspunktur af orlofsreikningi félagsmanns ef keyptur er ferðavagnaafsláttur.

Ferðaávisanir. Líkt og undanfarin sumur verður boðið uppá 30 ferðaávisanir á vegum Úrvals-Útsýnar, Plúsferða og Sumarferða. Sækja þarf um og sá sem fær úthlutun þarf að greiða kr. 5.000.- en fær í staðinn afsláttarkóða upp á kr. 35.000.- sem hann slær inn við kaup á ferð hjá einhverjum af áðurtöldum ferðaaðilum. Athugið að ekki verður hægt að kaupa afsláttinn ef félagsmaður hefur leigt orlofshús líka og öfugt. Teknir eru 26 orlofspunktur af orlofsreikningi félagsmanns ef keypt er ferðaávisun.

Miðasala. Minnum einnig á „miðasöluna“ á orlofsvef FIT. Þar verður hægt að kaupa afsláttarmiða á hótelligistingu, veiðikortið, golfkortið, útilegukortið og fleira ef samningar takast um góð kjör.

Húsið í Orlando. Opnað verður fyrir leigu á húsinu í Orlando á Flórída vegna ársins 2016 mánudaginn 2. mars kl.13:00. Minnt er á að húsið rúmar 12 manns og sólarhringsleigan verður kr. 11.500.- auk þrífagjalds kr. 13.500.- á hverja leigu. Staðgreiða þarf leiguna en bókanir og greiðsla er á orlofsvef FIT.

LOKAÐ verður til 9. mars á bókanir þeirra sem áður hafa leigt húsið í Orlando

Þannig er þeim sem aldrei hafa farið veittur forgangur í 1 viku fram yfir þá sem áður hafa farið.



Tilraunarinnar virði

„Það merkilega hefur átt sér stað að ég er kominn í vinnu og er bara alsæll og ég þakka kærlega fyrir þann stuðning sem var mér svo ómetanlegur. Að vera atvinnulaus þetta langan tíma er ekki alveg í mínum anda. Hef unnið frá blautu barnsbeini“

Þessi tölvupóstur frá iðnaðarmanni í FIT kemur upp í hugann nú þegar þriggja ára tilraunaverkefni ASÍ og SA lýkur eftir þrjá mánuði og sýnir ágætt dæmi um ánægju atvinnuleitenda með þjónustu STARFs hjá þjónustumiðstöð iðnfélaganna.

ÞRIGGJA ÁRA SAGA

Forsaga verkefnisins er sú að þann 10. febrúar 2012 var undirritað samkomulag milli velferðarráðuneytisins, Vinnuálastofnunar (VMST), Samtaka atvinnulífsins (SA) og Alþýðusambands Íslands (ASÍ) um tilraunaverkefni sem hefði það markmið að efla vinnumiðlun og stuðla að virkari vinnumarkaðsaðgerðum, aðgerðirnar skyldu jafnframt auka líkur atvinnuleitenda á því að hefja störf á vinnumarkaði að nýju. Samkomulagið byggði á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga vorið áður.

Til að framkvæma verkefnið stofnuðu ASÍ og SA sameiginlegt félag, Starf - vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. (STARF). STARF ehf. hóf starfsemi 1. maí 2012 og formlega þjónustu við atvinnuleitendur 1. ágúst sama ár í kjölfar samninga við Vinnuálastofnun um þjónustusamning.

Félagsmenn FIT og Byggiðnar á höfuðborgarsvæðinu voru m.a. þátttakendur í þessu verkefni sem lýkur 30. apríl 2015.

ÞJÓNUSTA VIÐ ATVINNULEITENDUR

Starfsemi STARFs hefur farið fram á fjórum þjónustumiðstöðvum þar á meðal hjá iðnfélögnum í Borgartúni 30 og á þessum þjónustumiðstöðvum störfuðu 10 atvinnuráðgjafar þegar mest var.

Atvinnuráðgjafar STARFs sem voru ráðnir til að sinna þessu verkefni er fjölbreyttur hópur af vel menntuðu og reynslumiklu fólki sem hefur frá byrjun lagt sig í líma við að þjónusta félagsmenn stéttarfélaganna á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Markmiðin hafa verið að mæta atvinnuleitanda þar sem hann er staddur. Laða fram og ýta undir hugsanir og tillögur hans sjálfs um hvert viðkomandi er að stefna og starfið hefur verið skipulagt með gagnkvæma virðingu ráðgjafa og atvinnuleitenda í huga.

STARF hefur frá byrjun lagt mikla áherslu á markvissa ráðgjöf, starfsleitarstofur og markmiðssetningu fyrir hvern og einn atvinnuleitanda ásamt fjöldan allan af allskonar námskeiðum. Starfsleitarstofa STARFs var m.a. búin til og þróuð hjá atvinnuráðgjöfunum og alla tíð hugsuð út frá þörfum atvinnuleitandans sem hefur mismunandi bakgrunn. Eins og ein umsögnin fjallar um;

„Þetta var annars ljómandi námskeið og vel upp sett. Ekki ósvipað einhverju sem ég hef áður sótt en markvissara og betur skipulögð nálgun hvers og eins. Þ.e.a.s. hver og einn þurfti að fara skipulega í gegnum sjálfskönnun og vinna svo verkefni út frá því. Ég held að það sé bara nauðsynlegt hverjum og einum að grandskoða sig öðru hvoru.“

LIÐSSTYRKUR

Eitt af fyrstu verkefnum sem STARF tók þátt í var umfangsmikið átaksverkefni kallað Liðsstyrkur sem stóð yfir á árinu 2013 og var fyrir atvinnuleitendur sem höfðu verið lengst á bótum. Markmið verkefnisins var að virkja atvinnuleitendur, sem fullnýtt höfðu rétt sinn til atvinnuleysisbóta frá 1. september 2012 til ársloka 2013, til þátttöku að nýju á vinnumarkaði. Verkefnið tókst að mörgu leyti mjög vel og margir sem fengu vinnu sem hefðu ella ekki fengið tækifæri til atvinnu-þátttöku fengu starf við hæfi en rúmlega 1000 manns fengu störf á vegum verkefnisins og þátttakandi í Liðsstyrk sagði við mig eftir að hafa verið atvinnulaus í þrjú ár; „Það er svo frábært að vera aftur orðinn fullgildur þátttakandi í samfélaginu“

Eftir Liðsstyrksverkefnið var farið af stað með sérstakt markaðsverkefnið hjá STARFi nefnt Flugtak, þar sem markmiðið var að styrkja og ná frekari tengingu inn í fyrirtæki sem greiða félagsgjöld af sínu starfsfólki til stéttarfélaganna. Þetta var gert með kynningarútsendingu til þeirra, hringingum og síðan heimsóknum með það að markmiði að fá störf sem mætti hafa milligöngu um að atvinnuleitendur fengju að starfa. Margir félagsmenn stéttarfélaganna fengu þar starf við hæfi. Í þessu sambandi má nefna að atvinnurekendur sjá hag sinn í að ráða atvinnuleitendur þegar þeim er skapaður hvati til slíks. Ánægja meðal atvinnurekenda með þá starfsmenn sem þeir réðu innan verkefnisins var í flestum tilfellum mjög góð. Reynslan hefur kennt að úrræði, sem felast í markvissri hæfingu á vinnumarkaði og möguleikum einstaklinga til að sýna hvað í þeim býr með starfsþjálfun og reynsluráðningu á vinnustað, skila góðum árangri. Ennfremur treysta slík úrræði stöðu þeirra á vinnumarkaði og skapa atvinnuleitendum tækifæri við hæfi.

Þessar leiðir eru einnig vel til þess fallnar að skilja frá þá einstaklinga sem eru á atvinnuleysisbótum á röngum forsendum. Þannig að niðurstaðan af þessu er að meiri sneriting við atvinnuleitendur gefur jákvæðar

og árangursríkar niðurstöður fyrir alla aðila vinnu-markaðarins.

Þannig hefur orðið mikill árangur af sameiginlegum aðgerðum verkalyðshreyfingar og atvinnurekenda, ríkisins og sveitarfélaga sem hefur stuðlað að og orðið þess valdandi að atvinnuleysi á Íslandi er orðið jafn lágt sem raun ber vitni.

TÖLULEGUR ÁRANGUR

Það er einnig nauðsynlegt hverju verkefni að sýna fram á tölulegan árangur. Þann árangur sjáum við m.a. á töflunni hér fyrir neðan þar sem sést að atvinnuleitendum hjá iðnfélögunum hefur fækkað um heil 64 prósent á árinu 2014 og um 71 prósent frá því að þjónusta STARFs fór af stað 1.8. 2012. Sjá tölulegan árangur hér að neðan.

SAMSTARF AÐILA VINNUMARKAÐARINS

Að mínu áliti ætti framtíðarskipan þjónustu við atvinnuleitendur að byggja á reynslunni af tilrauna-verkefninu sem STARF stendur fyrir. Þjónustukannanir sýna að atvinnuleitendur eru ánægðir með þjónustuna og taka því vel að stéttarfélag þeirra sinni þeim og atvinnurekendur eru einnig ánægðir með þetta fyrirkomulag þar sem þekking og tengsl í því fagi eða starfi, sem hver ráðgjafi fær með tengsl sín við viðkomandi stéttarfélag nýtist öllum til hagsbóta.

Sá árangur sem náðst hefur með þessu verkefni sýnir fram á gildi samstarfs aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda á sviði vinnumarkaðsmála.

Mig langar mig að lokum þakka starfsfólki FIT, Byggingar- og Samiðnar kærlega fyrir samstarfið þennan tíma sem hefur verið uppbyggilegt og ánægjulegt í alla staði.

Gunnar Halldór Gunnarsson
atvinnuráðgjafi iðnfélaga
STARF ehf.

Nánari upplýsingar um STARF má finna á vefsíðu félagsins: www.starfid.is.

Heildar samanburður talna frá upphafi þjónustu STARFs og milli mánaða 1.1. 2015								
Miðstöðvar	Upphaf meðalt. 2011	Upphaf þjónustu 1.8.2012	1.1.2014	1.21.2014	1.1.2015	% Breyting milli mán.	% Ár - frá 1.1. 2014	Breyting á fjölda frá 1.1.2014
VR	2.380	1.715	1.217	937	985	5%	-19%	-232
Iðnfélög	331	134	109	32	39	22%	-64%	-70
Suðurnes	626	335	336	267	275	3%	-18%	-61
Austurland	247	91	113	113	119	5%	5%	6%
Samtals	3.584	2.275	1.775	1.349	1.418	5%	-20%	-357
VMST heild (með STARFi)	13.525	8.696	7.364	5.838	6.057	4%	-18%	
STARF % af VMST heild	26,5%	26,2%	24,9%	23,0%	23,0%		-8%	
VMST án STARFs	9.941	6.421	5.589	4.489	4.639	3%	-17%	

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR FIT FYRIR AÐALFUND 2015

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM HLUTA STJÓRNAR TIL AÐALFUNDAR 2017

Formaður	Hilmar Harðarsson
Meðstjórnendur	Helgi Ólafsson Georg Ólafsson Gunnar Gunnbjörnsson Vilhjálmur Gunnarsson Ólafur Magnússon Valdimar Birgisson
Varamenn	Þorsteinn G. Kristmundsson Arna Eir Árnadóttir

Tillaga uppstillingarnefndar um helming aðalmanna í trúnaðarráð til ársins 2017

- 1 Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Hafnarfirði Bifvélavirki
- 3 Sigríður Runólfssdóttir
Selfossi Húsasmiður
- 5 Hörður Jóhann Geirsson
Reykjanesbæ Bifvélavirki
- 7 Erling Viðar Guðlaugsson
Kópavogi Málari
- 9 Elías Óskarsson
Hveragerði Garðyrkjumaður
- 11 María Steinmóðsdóttir
Hafnarfirði Húsasmiður
- 13 Heimir B. Janusarsson
Reykjavík Garðyrkjumaður
- 15 Ágúst Guðmundsson
Reykjavík Blikksmiður
- 17 Hermann Halldórsson
Kópavogi Bifvélavirki
- 19 Sigurbjörn Lárusson
Akranesi Vélvirki
- 21 Unnar Friðrik Sigurðsson
Akranesi Vélvirki
- 23 Sigmar Björnsson
Reykjanesbæ Húsasmiður
- 25 Gunnlaugur Hauksson
Sandgerði Málm.
- 27 Ágúst Einarsson
Vestmannaeyjum Húsasmiður
- 29 Brynjar Jónsson
Hafnarfirði Pípulagningam.
- 31 Orri Sturluson
Hafnarfirði Smiður
- 33 Sveinn Grímsson
Reykjavík Múrari
- 35 Hildur Ingibjörg Sölvadóttir
Kópavogi Tækniteiknari
- 37 Bjarni Helgason
Reykjavík Bifvélavirki

TILLAGA UM HELMING VARAMANNA Í TRÚNAÐARRÁÐ TIL ÁRSINS 2017

- 39 Ingólfur Rögnvaldsson
Hellu Húsasmiður
- 41 Friðrik Guðni Óskarsson
Reykjanesbæ Pípulagningam.
- 43 Einar Helgason
Reykjavík múrari
- 45 Sigmundur Guðmundsson
Reykjanesbæ málari
- 47 Óskar Baldursson
Hafnarfirði Garðyrkjumaður
- 49 Ásbjörn Árni Árnason
Sandgerði Smiður
- 51 Sigfinnur Gunnarsson
Reykjavík Múrari
- 53 Jóhann B. Jónsson
Reykjavík Bifreiðasmiður
- 55 Guðmundur Bergsson
Selfossi Húsasmiður
- 57 Magnús Heiðar Björgvinsson
Akranesi Vélvirki
- 59 Ægir Magnússon
Akranesi Vélvirki
- 61 Bjarni Árnason
Hafnarfirði Húsasmiður
- 63 Ingimundur Arngrímsson
Garði Vélvirki
- 65 Halldór Bjarnason
Vestmannaeyjum Vélvirki
- 67 Sigurður Gunnarsson
Kópavogi Pípulagningam.
- 69 Þorsteinn Ingi Sigurðsson
Reykjavík Bifreiðasmiður
- 71 Áslaug Fjöla Vilhjálmssdóttir
Reykjavík Tækniteiknari
- 73 Steinunn Jónsdóttir
Reykjavík Tækniteiknari

Tillaga uppstillingarnefndar um kjörstjórn til ársins 2016

Aðalmenn	Kristinn Bjarnason Reykjavík Bifvélavirki Logi H. Halldórsson Reykjanesbæ vélvirki
Varamenn	Ólafur Kristinn Hafsteinsson Reykjavík Bifvélavirki Maron Tryggvi Bjarnason Reykjavík Bifvélavirki

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM FÉLAGSLEGA SKOÐUNARMENN REIKNINGA TIL ÁRSINS 2016

Aðalmenn Birgir Gíslason
Kópavogi Málari
Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Hafnarfirði Bifvélavirki

Varamenn Unnar Friðrik Sigurðsson
Akranesi Vélvirki
Sigfús Birgir Haraldsson
Reykjavík Bifvélavirki

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS VESTMANNAEYJA ÁRIÐ 2015

- 1 Rúnar Bogason
- 2 Stefán Agnarsson

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆGINGA ÁRIÐ 2015

- 1 Ingólfur Rögnvaldsson
- 2 Ármann Ægir Magnússon

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND SAMEINADA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2015

- 1 Hilmar Harðarson Reykjavík
- 2 Guðrún Helga Guðbjartsdóttir Mosfellsbæ
- 3 Tryggvi Arnarsson Reykjavík
- 4 Helgi Ólafsson Reykjavík
- 5 Georg Óskar Ólafsson Reykjavík
- 6 Helgi Pálsson Reykjavík
- 7 Valdimar Birgisson Reykjavík

- 8 Einar Þór Gíslason Reykjavík
- 9 Vilhjálmur Gunnarsson Akranesi
- 10 Gunnar Björn Gunnbjörnsson Reykjavík
- 11 Andrés Haukur Hreinsson Garðabæ
- 12 Sveinn Jónsson Reykjavík
- 13 Ármann Ægir Magnússon Hveragerði
- 14 Þorsteinn Kristmundsson Hafnarfirði
- 15 Ólafur Kristinn Hafsteinsson Hafnarfirði
- 16 Sigfús Birgir Haraldsson Bifvélavirki
- 17 Hermann Guðmundsson Reykjavík
- 18 Kjartan Tómasson Kópavogur

Varamenn Ólafur Kristinn Hafsteinss.
Reykjavík Bifvélavirki
Arnar Helgason
Hafnarfirði Húsasmiður

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI FESTU LÍFEYRISSJÓÐS ÁRIÐ 2015

- 1 Ólafur Magnússon Reykjanesbæ
- 2 Gunnlaugur Hauksson Sandgerði
- 3 Hlynur Kristjánsson Reykjanesbæ
- 4 Logi Halldórsson Reykjanesbæ
- 5 Sigmar Björnsson Reykjanesbæ
- 6 Guðjón Þórhallsson Reykjanesbæ
- 7 Sigurður Geirfinnsson Reykjanesbæ
- 8 Ásbjörn Árnason Sandgerði

TILLAGA STJÓRNAR UM UPPSTILLINGARNEFND 2015

Einar Þór Gíslason	Bifreiðasmiður
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Bifvélavirki
Birgir Gíslason	Málari
Heimir B. Janusarson	Garðyrkjumaður
Guðmundur Bergsson	Húsasmiður

Vinningshafar

Dregin hafa verið út þrjú nöfn þátttakenda í kjarakönnun FIT. Hver og einn fær kr. 20.000 sem inneign á orlofsreikningi sínum hjá félaginu.

Ásgeir Andri Ásgeirsson, pípulagningamaður

Bjarni Helgason, bifreiðasmiður


Þorvaldur Sveinsson, bifvélavirki

FIT óskar vinningshöfunum til hamingju og þakkar öllum þeim sem tóku þátt.



Horfðu björtum augum fram á veginn

Sameinaði lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á gagnsæi og öfluga upplýsingagjöf sem tryggir þér auðvelda og skýra yfirsýn yfir öll þín lífeyrismál.



Vefurinn okkar, lifeyrir.is, er aðgengilegur og notendavænn bæði fyrir sjóðfélaga og launagreiðendur.

Á lifeyrir.is

- sérðu stöðu lífeyrisréttinda og séreignar
- finnur þú ítarlegar upplýsingar um rekstur sjóðsins
- geturðu kynnt þér fjárfestingarstefnu og eignir sjóðsins
- geta launagreiðendur skilað iðgjaldaskilagreinum á einfaldan og öruggan hátt og myndað kröfu í netbanka sínum

Kynntu þér málin á lifeyrir.is eða fáðu upplýsingar hjá starfsfólki í síma 510 5000.

Sundagörðum 2 / 104 Reykjavík / 510 5000 / lifeyrir.is